

Reglur félagsþjónustu Norðurljósa
Um félagslega heimaþjónustu
sbr. 30. gr. laga um nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og
15. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

2. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og umönnun barna og unglinga.

3. gr.

Skilyrði til þess að geta fengið félagslega heimaþjónustu er að umsækjandi búi í heimahúsi og að hvorki hann né aðrir heimilismenn geti séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Þjónustan fer að jafnaði fram í samstarfi starfsmanns og þjónustupega

4. gr.

Áður en heimaþjónusta er veitt, skal aðstoðarþörfin metin í hverju einstöku tilviki. Starfsmenn Félagsþjónustu Norðurljósa sjá um að meta þörfina fyrir þjónustu og ákveða hvers konar þjónusta er nauðsynleg og hversu mikil hún skuli vera (vikulegar vinnustundir). Sé um heilsufarsástæður að ræða skal hafa samráð við heilsgæslustöð. Skilyrði fyrir að þjónusta sé veitt er að viðkomandi framvísi læknisvottorði þar sem fram kemur að umsækjandi hafi ekki getu til að sinna heimilisstörfum sjálfur eða hafi náð 67 ára aldri.

5. gr.

Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma (sbr. t.d. 15. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra) skal einungis veitt ef fyrir liggur samþykki félagsmála- og barnaverndarnefndar að undan-gengnu mati á aðstoðarþörf sbr. 4. gr.

6. gr.

Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu skal haft sem nánast samstarf við aðra þá aðila sem veita viðkomandi skjólstæðingum þjónustu, t.d. starfsfólk á heilsgæslustöðvum.

7. gr.

Sótt er um félagslega heimaþjónustu (á þar til gerð umsóknareyðublöð) til umsjónarmanns, eða á Internetinu, (heimasíða nordurthing.is).

Umsóknareyðublöð skulu liggja frammi á skrifstofu Félagsþjónustu Norðurljósa á Húsavík og á skrifstofum annarra aðildarsveitarfélaga.

Greiðslugeta umsækjanda og maka hans er lögð til grundvallar þjónustugjaldi og er heimilt að krefja umsækjanda um gögn varðandi fjárhag hans.

8. gr.

Úrvinnsla umsókna, öflun gagna og upplýsinga varðandi þjónustuhörf og greiðslugetu skal unnin af Félagsþjónustu Norðurþings í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er sbr. XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

9. gr.

Félagsþjónustan ræður allt starfsfólk til starfa við heimaþjónustu og liðveislu. Félagsþjónustan skipuleggur þjónustuna og hefur á hendi verkstjórn starfsfólks. Viðkomandi sveitarfélag sér um innheimtu þjónustugjalda mánaðarlega, eftir upplýsingum sem Félagsþjónustan lætur í té tímanlega fyrir útsendingu greiðslukröfu.

10. gr.

Sveitarstjórnir geta annast verkefni þau sem kveðið er á um í 9. grein, sbr. 7. grein samstarfssamnings um félagsþjónustu.

11. gr.

Starfsmaður í heimaþjónustu skal gæta þess í störfum sínum inni á heimili að unnið sé í samráði og samvinnu við þann sem þjónustunnar nýtur og hvetja hann og styðja til sjálfsbjargar.

12. gr.

Starfsmönnum í heimaþjónustu er óheimilt að ræða persónulega hagi, heimilishald eða einkamál aðstoðarþega við óviðkomandi aðila.

13. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu samkv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal greitt samkvæmt gjaldskrá er Félagsþjónusta Norðurþing setur, að fengnum tillögum frá félagsmála- og barnaverndarnefnd. Gjaldská þessi uppfærast í byrjun hvers árs.

14. gr.

Umsækjandi um félagslega heimaþjónustu getur skotið ákvörðun starfsmanns til félagsmála- og barnaverndarnefndar.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmála- og barnaverndarnefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu sbr. 65. gr. laga nr. 40/1991.

Þessar reglur voru samþykktar og staðfestar á fundi Félagsmálanefndar Norðurþings þann 20. janúar 2009 og öðlast þegar gildi.